

Fundargerð 804
Fundur 804

6.fundur stjórnar 28. Nóv 2011 kl. 19:00.

Mættir: Ólafur, Atli, Ingibergur og Helgi Bjarnason.

Dagskrá fundarins

1. Fundargerð 803 lesin upp og samþykkt.
2. Aðsent efni,
Bréf frá Flensborgarskólanum, þar sem þakkað var fyrir framlag GLÍ til Flensborgardagsins sem haldinn var 30. september sl.
Bréf frá ÍSÍ er varðar afreksstyrki, bréfið rætt.
3. Meistaramótin á Hvolsvelli. Þau gengu öll vel og var fín mæting á mótin. Keppendur frá UMFN tóku þátt í fyrsta sinn í langan tíma og stóðu sig með þryði.
4. Önnur umferð Meistaramótsins fór fram á Laugum 12. nóvember. Mótið gekk vel og var það ekki síst að þakka góðum undirbúningi heimamanna. Rætt um þá stefnu að færa mótin út á land til aðildarfélaganna, var almennt gerður góður rómur að því.
5. Styrktarsöfnun. Málið rætt.
6. Formannafundur ÍSÍ fór fram 11. nóvember, Ólafur sat fundinn fyrir hönd GLÍ.
7. Styrkleikalistinn. Ólafur lagði til breytingar á reglugerð um styrkleikalista GLÍ. Breytingarnar eru að listinn yrði reiknaður til eins árs í senn í stað tveggja, bætt yrði við styrkleikalista fyrir unglínga, og að sveitaglíma og héraðsmót myndu ekki telja í útreikningi listans.
Breytingin var samþykkt einróma.
8. Glímufólk ársins 2011. Rætt var um kjörið og síðan gengið til kosninga. Glímumaður ársins var valinn Pétur Eypórsson og glímukona ársins Marín Laufey Davíðsdóttir.
9. Efnilegasta glímufólkið 2011. Rætt var um kjörið
10. Skýrslur nefnda. Minnt á skýrslur nefnda sem skila þarf fyrir 1. janúar nk.
11. Næsti fundur ákveðinn í janúar nk. og fundi slitið kl. 20:30.

Atli Már Sigmarsson